

FUNDARGERÐ FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

175. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 5. október kl. 15:00 í fundarsal ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður og Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, sviðsstjóri
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Formaður setur fund og býður nýjan sviðsstjóra fjölskyldusviðs, Jennýju Þórkötu Magnúsdóttur, velkomna til starfa

Dagskrá:

1. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður býður Sigurð velkominn á fundinn. Sigurður kynnir drög að breytingum á skólareglum Grunnskóla Húnaþings vestra. Fyrst og fremst er um að ræða breytingar á skráningu og viðbrögðum við forföllum nemenda. Með þessum breytingum er brugðist við þeirri gagnrýni sem kom á skólareglurnar s.l. vetur. Drögin rædd, fræðsluráð samþykkir breytingar á skólareglum samhljóða.

Sigurður gerði grein fyrir fullbúnu skóladagatali 2016-2017. Um er að ræða smávægilega breytingu á áður samþykktu skóladagatali þannig að fyrirhugaðir starfsdagar í nóvember verða vetrarfrí. Breytingin hefur engin áhrif á starfstíma skólabarna. Fræðsluráð samþykkir skóladagatalið samhljóða.

Rætt um starfsnám nemenda í efri bekkjum grunnskólans að vori og hausti. Sigurður segir um 70% nemenda nýta sér þennan möguleika og er almennt góð reynsla af fyrirkomulaginu.

Sigurður segir frá fyrirhugaðri námsferð nemenda í 8. – 10. bekk þann 17. og 18. október nk. í fyrirtæki, háskóla og tækniskóla í Reykjavík. Á síðasta ári var farið í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og stefnt er að því að fara til Akureyrar á næsta ári.

Rætt um ástand vega í Húnaþingi vestra, sérstaklega Vatnsnesvegur. Foreldrar á Vatnsnesi hafa rætt um að senda börn sín ekki í skólann þar sem ferðatími hefur lengst mikið og börnin að verða bílveik í því ástandi sem verið hefur undanfarnar vikur. Þá er ferðatími kominn langt utan þess viðmiðunartíma sem Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga setja. Því miður er ekki um undantekningar að ræða heldur virðist ástandið vera viðvarandi. Sigurður sendi bréf þessa efnis til Vegagerðarinnar og fékk svar frá Gunnar H. Gunnarssyni, svæðisstjóra Norðursvæðis Vegagerðarinnar, þar sem hann ber fyrir sig fjárskorti.

Formaður þakkar Sigurði fyrir komuna á fundinn.

2. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrri fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 15:55

Magnús Magnússon

Valdimar Gunnlaugsson

Sigrún Waage

Guðný Hrund Karlsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir